

Ed.

198. Frumvarp til laga

[160. mál]

um minnstu mynteiningu við álagningu og innheimtu opinberra gjalda.

(Lagt fyrir Alþingi á 103. löggjafarþingi 1980.)

1. gr.

Allir skattar og opinber gjöld svo og greiðslur til opinberra aðila fyrir hvers konar leyfisbréf, skirteini, skráningar og vottorð, hvort sem þær eru innheimtar samkvæmt aukatekjulögum eða öðrum heimildum, skulu lögð á í heilum krónum þannig að lægri fjárhæð en 50 aura skal færa niður í næstu heila krónu en 50 aura eða hærri fjárhæð skal hækka upp í næstu heila krónu.

2. gr.

Innheimta á gjöldum skv. 1. gr. skal einnig fara fram í heilum krónum þannig að innheimtuaðila er óskýlt að taka við greiðslum í minni einingum en heilum krónum.

3. gr.

Ákvæði 2. gr. eiga einnig við um innheimtu opinberra gjalda sem lögð hafa verið á fyrir 1. janúar 1981 en eigi hafa verið innheimt fyrir það tímamark. Standi gjöld þessi eða eftirstöðvar þeirra á minni einingu en heilli krónu við gildistöku laga þessara skal lækka þá fjárhæð niður í næstu heila krónu og innheimta þannig.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1981.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Fyrirsjáanlegt er að sú breyting á verðgildi íslensks gjaldmiðils er taka á gildi um n. k. áramót muni að óbreyttum lögum hafa í för með sér veruleg vandkvæði við álagningu og innheimtu opinberra gjalda.

Á árinu 1973 tók ríkisbókhaldið í notkun tölvukerfi vegna bókhaldsúrvinnslu ríkisins. Í kerfi þessu er ekki gert ráð fyrir aurum í fjárhæðum. Við gjaldmiðilsbreytinguna um næstu áramót hundraðfaldast verðgildi gjaldmiðilseiningarinnar og aurar verða teknir upp að nýju. Að því er bókhaldskerfi ríkisins varðar felur þessi breyting í sér fjölgun sæta um eitt í mjög mörgum tilvikum við bókun fjárhæða, þ. e. a. s. komman fyrir framan aura kemur inn í fjárhæðina. Til skýringar má nefna eftirfarandi dæmi:

999.999 gkr. verða 9.999,99 nýkr.

99.999 gkr. verða 999,99 nýkr.

Í fyrra dæminu fjölgar sætum um eitt en í hinu síðara er sætafjöldi óbreyttur. Í fljótu bragði gæti virst sem hér væri um tiltölulega auðleyst vandamál að ræða sem hvorki væri dýrt né tímafrekt að leysa. Raunin er hins vegar önnur, því að með tilkomu aura og þar af leiðandi kommu í fjárhæðir, verður óhjákvæmilegt að endurskipuleggja allt tölvubókhaldskerfi ríkisins ef ekki er gripið til sérstakra ráðstafana. Auk hinnar gífurlegu vinnu sem af slíkri endurskipulagningu leiðir fylgir henni óhemju kostnaður sem m. a. felst í breytingum á eyðublöðum, vélum, forritum fyrir tölvuvinnslu og uppsetningu útskrifta úr tölvu.

Með hliðsjón af því sem hér að framan er rakið er lagt til í frumvarpi þessu að álagning, innheimta og greiðslur hvers konar opinberra gjalda skuli fara fram í heilum krónum frá og með 1. janúar n. k. Nái frumvarpið fram að ganga hefur það þau áhrif að allt tekjubókhald ríkis og sveitarfélaga fer sjálfkrafa fram í heilum

krónum. Af því leiðir að hvorki verður breytinga þörf á núgildandi tölvubókhaldskerfi þessara aðila né á vélum og eyðublöðum sem nú eru í notkun vegna tekjubókhalds þeirra. Við þetta sparast því mikið fé, auk þess sem bókhaldsvinnslan verður mun öruggari en ella.

Um 1. gr.

Í þessari grein er kveðið á um að álagning hvers konar opinberra gjalda skuli fara fram í heilum krónum, þannig að lægri fjárhæð en 50 aurar skal færð niður í næstu heila krónu en 50 aurar eða hærri fjárhæð skal hækkuð upp í næstu heila krónu. Ef um er að ræða fjárhæðir sem margfaldast (stofn x ein.fjöldi) þá skal einungis hækkun í næstu heila krónu eða lækkun í næstu heila krónu eiga sér stað að margföldun lokinni.

Um 2. gr.

Hér er lagt til að innheimta opinberra gjalda skuli fara fram í heilum krónum jafnframt því að innheimtuaðila sé óskýlt að taka við greiðslum í minni einingum en heilum krónum. Nauðsynlegt þykir að kveða á um þetta ef tryggt á að vera að aurar komi ekki inn í tekjubókhald opinberra aðila, auk þess sem ákvæði þetta á að koma í veg fyrir misnotkun á reglum þeim sem kveðið er á um í frumvarpi þessu.

Um 3. gr.

Nauðsynlegt er að ákvæði 2. gr. taki og til innheimtu opinberra gjalda sem lögð hafa verið á fyrir 1. janúar 1981 en eigi verið innheimt fyrir það tímamark. Þó er lagt til að standi gjöld þessi eða eftirstöðvar þeirra á minni einingu en heilli krónu við gildistöku lagafrumvarps þessa, ef það verður að lögum, skuli ætíð lækka fjárhæðina niður í næstu heila krónu og innheimta þannig. Með þessum hætti er tryggt að reglur þessar hafi ekki íþyngjandi áhrif á þá aðila sem umrædd gjöld hafa þegar verið lögð á fyrir 1. janúar n. k., en eru þá ógreidd.

Um 4. gr.

Þarfnast ekki skýringa.